

Fundargerð Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og Eflingar stéttarfélags þann 2. október 2024

Í tengslum við kjarasamningsgerð aðila eru samningsaðilar sammála um að eftirfarandi atriði þurfi að útfæra í stofnanasamningi. Vinnu við breytingar á stofnanasamningi skal vera lokið 31. október 2024.

Hópstjórar

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi kafli í stofnanasamningi aðila frá 4. febrúar 2021 breytist þannig:

Er:

4. Sérstök ábyrgð í starfi

Hækkun vegna sérstakrar ábyrgðar í starfi er einn af eftirfarandi þáttum;

Starfsmaður tekur þátt í sértækum skilgreindum verkefnum eða þverfaglegu teymi. Hefur a.m.k 2 ára starfsreynslu við umönnun	1	<u>PREP</u>
Starfsmaður hefur umsjón með skilgreindum verkefnum eða þátttaka í þróunarvinnu/þróunarverkefni/skipul. gæðastarfsemi	2	<u>PREP</u>
Starfsmaður er skilgreindur verkstjóri/flokkstjóri samkvæmt starfslýsingu	3	<u>PREP</u>

Verður:

4. Sérstök ábyrgð í starfi

Hækkun vegna sérstakrar ábyrgðar í starfi er einn af eftirfarandi þáttum;

Starfsmaður tekur þátt í sértækum skilgreindum verkefnum eða þverfaglegu teymi. Hefur a.m.k 2 ára starfsreynslu við umönnun	1	<u>PREP</u>
Starfsmaður hefur umsjón með skilgreindum verkefnum eða þátttaka í þróunarvinnu/þróunarverkefni/skipul. gæðastarfsemi.	2	<u>PREP</u>
Starfsmaður er skilgreindur hópstjóri/verkstjóri/flokkstjóri eða vaktstjóri samkvæmt starfslýsingu. Hópstjóri/verkstjóri/flokkstjóri eða vaktstjóri er sá starfsmaður sem heldur utan um verkstjórn á hverri vakt á hverri deild, passar uppá að lyf séu gefin skv. fyrirmælum og að störf séu unnin sem tilheyrja vaktinni.	3	<u>PREP</u>

Heimaþjónusta

Aðilar eru sammála um að greidd skuli viðbótarlaun til starfsfólks sem sinnir heimaþjónustu utan húsnæðis á vegum aðildarfélags SFV. Gert er ráð fyrir sérstakri viðbótargreiðslu fyrir hverja vakt sem unnin er í slíkri þjónustu. Aðilar eru sammála um að eftirfarandi fjárhæðir (sjá töflu) vegna þessara viðbótarlauna gildi frá 1. nóvember 2024 til 31. mars 2028.

Gildistími	1.11.2024	1.4.2025	1.4.2026	1.4.2027
Einingaverð	2.624	2.716	2.811	2.909

Sigrún N. Kjarnadóttir

Sólveig Anna Jónsdóttir